



Reykjavík 31.10.2019

Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulags- og samgönguráðs frá 30. október 2019 varðandi eftirfarandi mál.

Reglur um bílastæði fyrir visthæfar bifreiðar í Reykjavík

Lagt er fram bréf dags. 28. október 2019 þar sem lagðar eru til nýjar reglur um heimild til að leggja bifreiðum sem skilgreindar eru visthæfar gjaldfrjálst í 90 mínútur í gjaldskyld bílastæði. Gert er ráð fyrir að nýjar reglur taki gildi 1. janúar 2020. Einnig er lögð fram skýrsla dags. október 2019 frá Parallel ráðgjöf.

Samþykkt.

Vísað til borgarráðs.

Fulltrúi Pírata, fulltrúi Viðreisnar og fulltrúar Samfylkingarinnar bóka:

Eftir því sem visthæfari bílum fjölgar er óhjákvæmilegt að falla þurfi frá sérstökum bílastæðaívilnunum í þeirra garð. Samanburður við aðrar borgir sýnir raunar að slíkar ívilnanir eru heldur fátíðar. Um sinn var þó talið réttast að halda ívilnunum áfram en einskorða þær við þá bíla undir 5 m sem ganga að fullu fyrir rafmagni eða vetni."

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins bókar: Flokkur fólksins fagnar allri rýmkun á reglum um heimild til að leggja bifreiðum sem skilgreindar eru visthæfar gjaldfrjáls í 90 mín. í gjaldskyld stæði. Flokkur fólksins lagði fram tillögu 6. júní 2019 að Reykjavíkurborg rýmki aftur reglur um hvaða bílar teljist vistvænir og þeir sem það teljast geti lagt frítt í gjaldskyld bílastæði í allt að 90 mín. Skipulagsyfirvöld hafa verið allt of lengi að taka við sér í þessum efnum. Sú var tíðin að sparneytnir bílar (bensínbilar) höfðu þessa umbun en hún var síðan tekin af. Það kom á óvart og telur Flokkur fólksins það hafi verið mistök. Hvetja átti fólk fyrir löngu að hugsa í þessa átt þ.e. fyrst að aka vistvænum, sparneytum bílum og nú visthæfur bílum (metan og rafmagn.)

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir

Fylgiskjöl: bréf dags. 28. október 2019 og skýrsla dags. október 2019.

Skipulags- og samgönguráð

Reglur um bílastæði fyrir vishæfar bifreiðar í Reykjavík - endurskoðun

Núgildandi reglur

Þann 1. janúar 2017 tóku gildi reglur um vishæfar bifreiðar sem finna má á heimasíðu borgarinnar: <https://reykjavik.is/thjonusta/visthaefir-bilar>

Heimilt er að leggja bifreiðum, sem skilgreindar eru vishæfar, gjaldfrjálst í 90 mínútur í gjaldskyld bílastæði ef gild vishæf skífa er í framrúðu bifreiðar.

Bifreiðar sem hafa rétt á vishæfum skífum eru eftirfarandi:

- a) Bifreiðar með rafgeymi/brunahreyfil, sem gefur frá sér minna en 50 g koldíoxíði pr. km. í blönduðum akstri (tengitvinnbílar) og skráða eigin þyngd minni en 1600 kg.
- b) Bifreiðar með brunahreyfil, sem ganga fyrir metani og skráða eigin þyngd minni en 1600 kg.
- c) Bifreiðar sem ganga eingöngu fyrir rafmagni, rafgeymabílar og skráða lengd minni en 5 m.
- d) Bifreiðar sem ganga fyrir vetni og skráða lengd minni en 5m.

Gjaldfrelsi gildir einungis fyrir bifreiðar með klukkuskífum útgefnum af Reykjavíkurborg og fellur niður ef bifreið er á nagladekkjum.

Tími gjaldfrelsis miðast við hverja ökuferð en endurnýjast ekki við tilflutning milli bílastæða. Heimildin fellur niður sé bifreiðin á negldum hjólbörðum.

Tillaga að breytingu

Lagt er til að að eftirfarandi breytingar verði gerðar á reglunum.

Bifreiðar sem hafa rétt á vishæfum skífum verði eftirfarandi:

- a) Bifreiðar sem ganga eingöngu fyrir rafmagni, rafgeymabílar og skráða lengd minni en 5 m.
- b) Bifreiðar sem ganga fyrir vetni og skráða lengd minni en 5 m.

Nýjar reglur taki gildi 1. janúar 2020. Heimildir samkvæmt þeim gildi til 31. des. 2021. Endurnýja þarf þegar útgefna heimildir sem uppfylla nýjar reglur.

Þorsteinn R. Hermannsson
Samgöngustjóri

